

## 66. Bjarni Benediktsson (Hovedindlæg)

Forseti, kærur vinur. Við finnum öll að um þessar mundir ríkir gríðarleg geópólítísk spennan og óvissa í alþjóðasamskiptum. Þetta veldur miklum áhyggjum og það eru kraftar í heiminum í dag sem vilja höggva í þá víðtæku sátt sem gilt hefur um alþjóðasáttmála og stofnanir á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þessir kraftar vilja vega að trausti í samskiptum milli ríkja. Það er hreinlega verið að vega að trausti á alþjóðakerfinu eins og við þekkjum það. Þannig reynir verulega á þær stofnanir og þá sáttmála sem standa vörð um þá meginskyldu okkar að tryggja öryggi borgaranna. Í þessu ljósi er gríðarlega brýnt að byggja upp traust á ný í ljósi þeirra margþættu viðfangsefna sem við sameiginlega stöndum frammi fyrir. Þar er við að etja Rússland Pútíns og önnur ríki sem reyna að afvegaleiða og draga úr mætti alþjóðasamstarfs.

Ég vil lýsa sérstakri ánægju með það hvernig til hefur tekist hér í Reykjavík að þessu sinni við heimsókn Zelenskís og alla þá umræðu sem fram hefur farið um mikilvægi samstöðunnar með þeim gildum sem Úkraínnumenn eru að verja, ekki bara fyrir sína eigin borgara heldur fyrir okkur og önnur svæði heimsins.

Við skulum horfast í augu við nokkrar staðreyndir. Í fyrsta lagi: Rússar munu líklega ekki breyta stefnu sinni í nánustu framtíð. Hernaðarlegt mikilvægi Norður-Atlantshafsins og norðurskautssvæðisins hefur farið vaxandi. Þetta stafar ekki síst af hernaðarlegri uppbyggingu Rússlands á norðurslóðum og hernaðarlegri getu og starfsemi í kjölfarið. Og höfum einnig hugfast að vegna áframhaldandi hlýnunar er búist við að Ísland Norður-Íshaf verði að veruleika innan tiltölulega skamms tíma, reyndar er búist við að innan við 15% hafíss verði í hafinu á sumarmánuðum, jafnvel svo snemma sem 2030.

---

Vegna þessarar þróunar vitum við að sjóleiðir verða opnar og auðlindir aðgengilegri en til þessa og þetta er að fara að gerast tiltölulega fljótlega með aukinni atvinnustarfsemi. Þetta er gríðarleg áskorun. Hvernig getum við þá tryggt stöðugleika, frið og friðsama sjálfbæra þróun svæðisins?

Ég vil í fyrsta lagi nefna að við verðum að standa vörð um þjóðarétt og virðingu fyrir fullveldi ríkja. Í öðru lagi verða norðurskautsríkin sjö að halda áfram að móta stefnu í öryggismálum á norðurslóðum. Hér er afar mikilvægt að við vinnum í nánú samstarfi við þjóðirnar á svæðinu, helstu hagsmunaaðila og alþjóðasamfélagið. Í þriðja lagi reiðum við okkur á samstarfsaðila og bandamenn. Ísland á náið samstarf við norrænu fjölskylduna sem hér er saman komin og norðurskautsríkin sjö sem öll hafa verið að þetta samstarf sitt. Ástandið í alþjóðamálum hefur leitt til þess að við þurfum að taka skref í rétta átt, efla viðnámsþrótt og auka framlag til starfsemi NATO. Þetta felur í sér aukinn stuðning okkar sem gistiríkis fyrir NATO-ríki, okkar Íslendinga, og starfsemi bandamanna á Norður-Atlantshafi. Það er á okkar ábyrgð að vera á varðbergi.

## **Skandinavisk översättning**

President, kära vänner! Som vi alla känner till råder det nu för tiden en oerhört stor geopolitisk spänning och osäkerhet i internationella relationer. Detta har lett till stora bekymmer, och det finns krafter i världen i dag som vill luckra upp den breda enigheten som har funnits om globala avtal och organisationer under Förenta nationerna. Dessa krafter vill undergräva tilliten som internationella relationer bygger på. Man undergräver helt enkelt tilliten till det globala systemet som vi har lärt känna det. Detta lägger stor press på de institutioner, och de konventioner, som värnar om vår huvudsakliga plikt att garantera medborgarnas säkerhet. I ljuset av detta är det extremt viktigt att återupprätta tilliten, sett till de mångfasetterade utmaningar som vi gemensamt står inför. Där har vi att göra med Putins Ryssland och andra stater som försöker vilseleda och försvaga det internationella samarbetet.

---

Jag känner mig särskilt nöjd med mottagandet av Zelenskyj under hans besök här i Reykjavik, och med all debatt om vikten av att visa sammanhållning med de värden som Ukraina försvarar, inte enbart för sina egna medborgares skull, utan för oss och dem som bor i andra delar av världen.

Låt oss se fakta i vitögat. För det första: Ryssland kommer antagligen inte att ändra sin inställning inom överskådlig tid. Nordatlantens och Arktis militära betydelse håller på att växa. Detta beror inte minst på Rysslands militära uppbyggnad i Arktis och efterföljande ökad militär kapacitet och aktivitet. Vi måste också ha i åtanke att på grund av den pågående uppvärmningen förväntas Nordishavet bli isfritt inom en relativt kort tid, och man räknar faktiskt med att mindre än 15% av havsisen kommer att återstå under sommarmånaderna, till och med så tidigt som 2030. På grund av denna utveckling vet vi att havsrutter kommer att öppnas och naturtillgångar att bli lättare att utnyttja än de hittills har varit, och detta kommer att ske förhållandevis snabbt med ökad ekonomisk aktivitet som följd. Detta är en enorm utmaning. Hur kan vi då garantera stabilitet, fred och fredlig utveckling i detta område?

För det första vill jag nämna att vi måste värna om folkrätten och respekten för suveränitetsprincipen. För det andra måste de sju arktiska länderna fortsätta arbetet med att utveckla en säkerhetsstrategi för Arktis. Det är angeläget att detta görs i nära samarbete med de folk som bor i regionen, de viktigaste berörda parterna och det globala samhället. För det tredje förlitar vi oss på samarbetspartner och allierade. Island har ett nära samarbete med den nordiska familjen, som finns samlad här i dag, och de sju arktiska staterna som alla har arbetat med att förtäta sitt samarbete. Den geopolitiska situationen har gjort att vi måste ta ett steg i rätt riktning, stärka vår resiliens och öka vårt bidrag till Natos verksamhet. Detta betyder att vi, islänningar, måste öka vårt stöd som värdland för Natostater och för de allierades verksamhet i Nordatlanten. Vi har ett ansvar att vara på vår vakt.

Tack.

---

## Information

Tal nummer

66

Typ

Hovedindlæg

Person

[Bjarni Benediktsson](#)

Status

Waiting for transcription

Datum

29.10.24 16:27

